



Bílahjálp VÍS

Þjónustuskilmáli

1. gr. Fyrir hvern er þjónustan?

Þjónustan stendur öllum viðskiptavinum VÍS til boða sem eru með F plús fjölskyldutryggingu. Veitt er þjónusta vegna einkabifreiðar sem tryggingartaki hefur til umráða og í samræmi við 5. grein skilmálans svo fremi að veður og færð leyfi.

Þjónustan tekur til notkunar ökutækis á stofnvegum á Íslandi utan hálendis, tengivegum, héraðsvegum og sveitarfélagsvegum. Miðað er við flokkun Vegagerðinnar í vegaskrá 6.11.2015 sem má finna á heimasíðu Vegagerðinnar vegagerd.is.

2. gr. Þjónustuveitandi

Krókur sér um þjónustu Bílahjálpar VÍS. Þegar leita þarf aðstoðar skal hafa samband í síma 560-5000 hvenær sem er sólarhringsins.

3. gr. Kostnaður

Viðskiptavinir VÍS njóta góðra kjara á þjónustunni þar sem VÍS tekur þátt í kostnaði að öllu leyti eða að hluta, eftir því sem við á.

- a. Aðstoð
 - I. Í þéttbýli er þjónustan í boði VÍS.
 - II. Vegna aðstoðar utan þéttbýlis er veittur 50% afsláttur af gjaldskrá Króks.
- b. Björgun
 - I. Vegna björgunar er veittur 50% afsláttur af gjaldskrá Króks

Ef aka þarf meira en 100 km fram og til baka vegna aðstoðar eða björgunar gildir full gjaldskrá Króks vegna aksturs umfram 100 km.

Full gjaldskrá Króks gildir vegna björgunar og aðstoðar bifreiðar sem er eldri en 15 ára.

Krókur sér um að innheimta greiðslu vegna veittrar þjónustu.

4. gr. Þéttbýli

Eftirtaldir staðir falla undir þjónustu í þéttbýli: Akranes - Akureyri - Álftanes - Árbæjarhverfi í Ölfusi - Blönduós - Bolungarvík - Borgarnes - Búðardalur - Dalvík - Egilsstaðir - Eyrarbakki - Fellabær - Garðabær - Grindavík - Grundarfjörður - Grundarhverfi á Kjalarnesi - Hafnarfjörður - Hella - Hellissandur - Hrafnagil - Húsavík - Hvammstangi - Hveragerði - Hvolsvöllur - Höfn í Hornafirði - Ísafjörður - Kirkjubæjarklaustur - Kópasker - Kópavogur - Lónsbakki í Hörgárbyggð - Mosfellsbær - Mosfellsdalur - Neskaupstaður - Ólafsfjörður - Ólafsvík - Reyðarfjörður - Reykjahlíð - Reykjanesbær - Reykjavík - Rif - Sandgerði - Sauðárkrókur - Selfoss - Seltjarnarnes - Siglufjörður - Stokkseyri - Stykkishólmur - Svalbarðseyri - Vestmannaeyjar - Vík í Mýrdal - Vogar - Þorlákshöfn.

5. gr. Þjónustupættir

Aðstoð á staðnum:

- A. Dauður rafgeymir. Gefið er start á staðnum.
- B. Sprungið dekk. Skipt er um dekk á staðnum sé varadekk meðferðis.
- C. Eldsneytisleysi. Komið er með eldsneyti á brúsa.



- D. Þaklúga lokastekki. Lúgunni lokað handvirkt eða gati lokað og þétt til bráðabirgða.
- E. Brotin hliðar- eða afturrúða. Hjálpað við að loka og þétta til bráðabirgða.
- F. Hurðir/læsingar frosnar. Hjálpað við að opna.
- G. Bíll læstur. Ef lykklar eru læstir inni eða týndir er hjálpað við að opna. Þetta gildir á Akureyri og þéttbýlisstöðum á suðvesturhorni landsins, þ.e. frá Akranesi um höfuðborgasvæðið og Suðurnes allt til Selfoss.

Ef aðstoð á staðnum dugar ekki til að leysa vandann, t.d. þar sem meira er að ökutækinu en upphaflega var talið, er boðið upp á björgun.

Björgun:

- H. Bilun í ökutæki. Ökutækið er flutt á næsta þjónustuverkstæði við þann stað sem það bílar á.
Ökutæki er ekki bjargað nema viðskiptavinur óski eftir því og er það gert í samráði við hann.

Takmörkun á björgun og þjónustu

- I. Gildir ekki fyrir einkabifreið yfir 3500 kg eða lengri en 7m.
- J. Viðskiptavinur VÍS sem á rétt á þjónustu Bílahjálpar getur nýtt sér hana þrisvar sinnum á hverju almannaksári. Eftir þrjú skipti greiðist kostnaðarverð fyrir þjónustu Króks.

6. gr. Þjónustan er ekki í boði sé hægt rekja orsakir beint eða óbeint til:

- A. Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.
- B. Styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarrósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- C. Kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis eða kjarnaúrgangsefnis.

7. gr. VÍS áskilur sér rétt til að veita ekki þjónustuna ef:

- A. Ökumaður sem óskar eftir þjónustu er undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi efna.
- B. Eigandi eða umráðamaður viðheldur ökutæki ekki á fullnægjandi hátt.
- C. Viðskiptavinir misnota þjónustu Bílahjálpar VÍS.

Sé ekki farið eftir ofangreindum tilmælum getur glatast réttur til „VÍS“ afsláttar af gjaldskrá Króks, sbr. gr. 3 í þessum skilmálum.

Þjónustuskilmálinn gildir frá 11. Júní 2016